

30/6

18. Fundur hafnarnefndar Langanesbyggðar haldinn á skrifstofu Langanesbyggðar Fjarðarvegi 3 föstudaginn 4. júní 2010 kl. 12:00

Mættir eru: Aðalbjörn Arnarsson formaður, Sigurður Ragnar Kristinsson, Agnar Jónsson, Steinn Karlsson hafnarvörður, Gunnólfur Lárusson hafnarstjóri sem ritaði fundagerð á tölvu.

Dagskrá:

1. Tilboð í Hafskippabryggja -steypuþekja:

Alls bárust fimm tilboð og eitt frávikstilboð.

I.	Sigurður B. Björnsson, Akureyri	kr. 49.775.000,-
II.	Vökvaþjónusta Kópaskers ehf.	kr. 58.158.058,-
	Frávikstilboð miðað við verklok 15.okt.	kr. 52.409.630,-
III.	ÁÁ verktakar ehf. Reykjanesbæ	kr. 30.754.483,-
IV.	Almenna umhverfisþjónustan ehf. Grundarfirði	kr. 29.976.900,-
V.	Íslenska gámafélagið ehf. Reykjavík	kr. 33.943.170,-
	<u>Kostnaðaráætlun</u>	kr. 34.234.100,-

Fyrir fundinn liggur fyrir bréf frá Siglingastofnun þar sem hún leggur til að gengið verði til samninga við Almennu umhverfisþjónustuna ehf. vegna steypuþekju að upphæð 29.976.900,- kr. sem er 87% af kostnaðaráætlun Siglingarstofnunar. **Samþykkt samhljóða.**

2. Samningur um raflagnir.

Hafnarstjóri lagði fram viðaukasamning á milli Raftó ehf. kt. 440297-2429 og Langaneshafna samtals að upphæð 7.713.685,-
Samþykkt samhljóða að fela hafnarstjóra að skrifa undir samninginn.

3. Önnur mál.

Hafnarstjóri fór yfir að árið 2010 var sett á fjárlög 54. millj. vegna þekjunnar og af því væri búið að framkvæma fyrir ca. 14. millj. vegna undirvinnu fyrir þekju og rafmagns, gera má ráð fyrir að hönnunarvinna eftirlit og ófyrirséð sé um 10 millj. þannig að þetta verk ætti því að klárast á kostnaðaráætlun. Aðalbjörn Arnarsson þakkaði hafnarstjórn fyrir samvinnuna á liðnum árum.

Fundagerðin upplestin og samþykkt
Fundi slitið kl. 12: 50

Aðalbjörn Arnarsson
Steinn Karlsson
Gunnólfur Lárusson